

Nd.

45. Frumvarp til laga

[44. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Flm.: Lárus Jónsson.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 71. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að veita einstaklingum og opinberum aðilum allt að 80% styrk til leitar að jarðhita með jarðborunum eða á annan hátt af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, þar sem aðstæður eru erfiðar til leitar, en nokkrar líkur eru á árangri að mati jarðhitadeildar eða nýtanleg hitaorka er lítil í hlutfalli við kostnað af jarðhitaleitinni. Ráðherra er heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar til stuðnings sveitarfélögum, sem þegar hafa lagt í mikinn kostnað við jarðhitaleit, sem lítinn árangur hefur borið, enda sé fé veitt til þess á fjárlögum.

2. gr.

2. málsg. 72. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðhitaleitar nema a. m. k. helmingi af kostnaði við leitina og endurgreiðast á 8 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. um breytingu á orkulögum er fyrst og fremst sá að auðvelda sveitarfélögum að ráðast í jarðhitaleit og leggja aukna áherslu á leit að jarðhita, þótt skilyrði séu ekki talin fyrirfram sem ákjósanlegust. Þá er tilgangurinn, að Orkusjóður geti komið til móts við sveitarfélög, sem þegar hafa lagt miklar fjárhæðir af mörkum til jarðhitaleitar án hlutfallslega mikils árangurs, þannig að jarðhitaleit á vegum þeirra stöðvist ekki, áður en fullreynt er, að árangur geti orðið þolanlegur.

Sú stefna að auka jarðhitaleit á þeim tímum, sem fyrirsjáanlegt er, að verð á innfluttri orku fer stórhækkandi, þarfnast ekki mikils rökstuðnings. Við slíkar aðstæður hlýtur að teljast einsýnt að stuðla að því af hálfu ríkisvaldsins að auðvelda byggðarlögum jarðhitaleit, jafnvel þar sem nokkrir erfiðleikar eru taldir á, að árangur náist. Á það er einnig að líta, að mörg sveitarfélög hafa lagt í mjög verulegan kostnað við jarðhitaleit, en árangurinn orðið hlutfallslega lítill. Sem dæmi mætti nefna, að Dalvíkingar fengu nýlega hitaveitu. Allt vatn, sem þeir geta hagnýtt, kemur úr einni borholu, en það er svo takmarkað, að það nægir ekki fyrir núverandi byggð. Því hefur verið leitað að auknu vatni, og hafa verið boraðar 6 borholur, 300—600 metra, án árangurs. Kostnaðurinn er alls við jarðhitaleitina 9.7 millj. kr. Til samanburðar námu allar tekjur hitaveitunnar á s. l. ári rúmlega 4 millj. kr. Skv. núgildandi reglum ber hitaveitunni að endurgreiða Orkusjóði öll jarðhitaleitarlán á 5 árum, þar sem jarðhiti er nýttur af leitarsvæðinu, jafnvel þótt einungis ein hola hafi borið árangur. Hitaveitan hefur einnig lánsfé að öðru leyti til 10 ára, þannig að greiðsluþyrðin er geysileg. Ef hitaveitan hyggst leita frekar að heitu vatni, mundi hún ekki fá nema 40% lán úr Orkusjóði, sem hún yrði að greiða að fullu á 5 árum skv. núgildandi lögum. Hliðstæða sögu má segja frá hálfu margra sveitarfélaga, t. d. Ólafsfirði. Akureyringar hafa einnig varið miklum fjármunum til jarðhitaleitar, sem reynst hefur árangurslítill fram til þessa, en þar er ástandið svo bágborið, að fjölbýlishús fást ekki hituð nema með rafmagni.

Þegar svo horfir um verð á erlendra orku eins og nú, virðist augljóst, að koma þarf til móts við hitaveitur, eins og á Dalvík, Ólafsfirði og fleiri stöðum, þannig að

þeim verði kleift að veita vaxandi byggð næga innlenda hitaorku. Alkunna er, að hitaveitur selja orku sína á verulega lægra verði en erlend hitaorka kostar. Hér er því almennt um að ræða fjárhagslegt þjóðþrifamál og sparnað á dýrnatum erlendum gjaldeyri, þótt gera verði ráð fyrir auknu fjármagni til Orkusjóðs til þess að koma þessari stefnu í kring.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að Orkusjóði sé heimilt að veita allt að 80% styrk til jarðhitaleitar við þau skilyrði, sem nefnd eru í greininni. Skv. nágildandi lögum er sjóðnum ekki heimilt að veita styrki. Hann veitir allt að 40% lán til jarðhitaleitar, sem greiðast að fullu, ef hitaorka er nýtt „af svæðinu“. Verði hins vegar enginn árangur á viðkomandi jarðhitasvæði (hugtak, sem er skilgreint af Orkustofnuninni hverju sinni), endurgreiðist lánið ekki.

Um 2. gr.

Í stað þess, að Orkusjóði er nú heimilt að lána 40% af kostnaði við jarðhitaleit til 5 ára, er hér lagt til, að sjóðnum verði heimilað að veita 50% lán til 8 ára.